



Íslenska 2. bekkur 2025-2026

Unnið í grunnbókum, ritrún 1 og 2, skrift, lesrún 1 ásamt fjölbreyttum verkefnaeftum, spilum og íslenskuforritum í Ipad. Þessi vinna fer fram á stöðvum, bæði einstaklings- og hópavinna. Söngur, þulur, vísur, hlustun, upplestur og frásagnir. Erum með innlagnir fyrir það viðfangsefni sem unnið er með.

Kennsluaðferðir

Innlagnir í krók fyrir hvern þátt. Unnið er á stöðvum, í hópavinnu og einstaklingsvinnu.

Námsefni og gögn

Námsþættir sem farið er í vetur eru eftirfarandi: Sérhljóðar – samhljóðar, kynnist stafrófinu og hvernig það er notað, stór - lítill stafur, fyrirmyndarmálgrein, eintala – fleirtala, rím, samsett orð, nafnorð, sérnöfn – samnöfn. Að draga rétt til stafs, lesskilningur, réttur texti, upplestur, samlestur – Pals, Orðagull, þulur, vísur, ljóð, lög og textar.

Námsgögn sem stuðst er við eru: Ritrún 1 og 2, Litla lesrún, Skrift, fjölbreytt vinnuhefti og verkefnablöð, ýmis íslenskuspil, ipad, lestrarbækur og sögubækur.

Námsmat

Símat og kannanir

Kennarar Fríða Dögg Finnsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir



Stærðfræði 2. bekkur 2025-2026

Erum með innlagnir þegar við kynnum nýtt viðfangsefni. Unnið eftir áætlun í grunnbókum Sprotu 2a og 2b nemenda- og æfingaheftum ásamt Stærðfræðispæjum. Hver vinnur á sínum hraða og fær aukaefni við hæfi þegar það á við. Unnið með ýmis verkefni, spil og stærðfræðiforrit á stöðvum, einstaklings og/eða hópavinna.

Kennsluaðferðir

Innlagnir í krók fyrir hvern þátt. Unnið er á stöðvum, í hópavinnu og einstaklingsvinnu.

Námsefni og gögn

Námsþættir sem farið er í vetur eru eftirfarandi: Tölurnar 0-100, samlagning, frádráttur, lengdarmælingar, tölfræði, tíminn, samhverfa, tvöfalt meira/helmingi minna, sléttar- og oddatölur, reikningur með tölum upp í 100, flatarmál, marghyrningar og hringir, rúmfræðiform.

Námsgögn sem stuðst er við eru: Sproti 2a og 2b nemendabækur, Sproti 2a og 2b æfingahefti, Stærðfræðispil, Stærðfræðispæjarar 1, Ipad og fjölbreytt verkefnablöð og hefti.

Námsmat

Kaflapróf eftir hvern þátt og lokapróf úr Stærðfræði 2a og 2b.

Kennarar Fríða Dögg Finnsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir.



Þema 2. bekkur 2025-2026

Þemu sem unnin eru í 2. bekk eru Fjölskyldan og vináttan, Komdu og skoðaðu dýrin, Komdu og skoðaðu líkamann og Komdu og skoðaðu fjöllin.

Kennsluaðferðir

Vinnan er samþætt við aðrar námsgreinar eins og náttúrufræði, samfélagsfræði og íslensku. Fjölbreytt verkefni eru unnin á stöðvum, í hópavinnu, einstaklingsvinnu og umræðum í krók.

Þemun eru unnin út frá námsefninu Halló heimur sem er kjarnaefni í samfélags- og náttúrugreinum fyrir yngsta stig grunnskólans.

Námsmat

Þema er unnið eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár fyrir 1.-4. bekk í náttúrufræði og samfélagsfræði. Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og endurgjöf er regluleg.

Kennarar Fríða Dögg Finnsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir



Lífsleikni 2. bekkur 2025-2026

Í lífsleikni horfum við til hæfniviðmiða Aðalnámskrár fyrir 1.- 4. bekk. Áhersla á að kenna börnunum góðar samskiptavenjur, sjálfsstjórn og félagsfærni auk þess að læra að þekkja sjálfa(n) sig og nærumhverfið sitt. Lífsleiknikennsla fléttast inn í daglegt starf auk þess að eiga sinn fasta stað í stundatöflu.

Kennsluaðferðir

Umræður í heimakrók skipa stóran sess í bekknum. Þar eru rædd ýmis mál sem upp koma í bekknum, skólanum eða jafnvel þjóðfélaginu, auk þess að leysa ágreiningsefni sem upp geta komið. Farið er í ýmsa leiki, verkefnavinnu, horft á myndbönd og fleira.

Námsefni og gögn

Stuðst er við efnið Vinátta

Uppeldi til ábyrgðar: þarfir, gildi, hlutverk, jákvæð samskipti, mistök, sjálfsstjórn

Vaxandi hugarfar: heilinn, jákvæðar hugsanir

Slökun og hugleiðsla: Heillastjarnan, núvitund

Leikir og spil

Myndbönd

Ýmsar bækur

Námsmat

Þátttaka nemenda og vinnubrögð þeirra metin.

Kennarar Fríða Dögg Finnsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir



Íþróttir 2.bekkur 2025-2026

Helstu áherslur íþróttakennslu á yngri stigum eru samvinna, hreyfing, félagsfærni og virkni. Unnið er með grunnþætti hreyfingar og samvinnu í gegnum fjölbreytta leiki og kynningu á íþróttagreinum.

Kennsluaðferðir

Við notumst við mismunandi leiki og formkennslu svo sem stöðvar, leiki með og án áhalda, hringþjálfun og fleira.

Uppbygging kennslu er þannig : Upphitun, aðalþáttur 1 og aðalþáttur 2 og niðurlag.

Kennt er í íþróttahúsi Ingunnarskóla og í nærumhverfi skólans.

Námsefni og gögn

Boltar, kistur, kaðlar, spaðar, húllahringir, sippubönd, dýnur og margt fleira.

Námsmat

Matið er leiðbeinandi og byggir á virkni, félagsfærni og framförum nemandans í hreyfileikni.

Kennarar Haraldur Þorvarðarson og Matthías Jochum Matthíasson



Sund 2. bekkur 2025-2026

Við lok 2. bekkjar getur nemandi:

Líkamsvitund, leikni og afkastageta: tekið þátt í stöðluðum prófum, kafað, velt sér af kvið á bak og öfugt og tekið þátt í leikjum í vatni.

Félagslegir þættir: skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum, gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans.

Heilsa og efling þekkingar: skýrt mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun, útskýrt líkamlegan mun á kynjum, notað einföld hugtök sem tengjast sundiðkun, íþróttum og líkamlegri áreynslu, gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum.

Öryggis- og skipulagsreglur: farið eftir öryggis-, skipulags- og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.

Kennsluaðferðir

Nemandi þjálfar sig í að fara eftir reglum á sundstöðum. Í lok annars bekkjar er miðað við að nemandi geti framkvæmt eftirfarandi þætti: Marglyttuflot með því að rétta úr sér, 10 m bringusund með eða án hjálpartækja, 10 m skólabaksundsfótatök með eða án hjálpartækja, Spyrna frá bakka og renna með andlit í kafi, að lágmarki 2,5 metra, Hoppa af bakka í laug.

Leiðsagnar- og lokamat:

Gefin er einkunn fyrir hvern og einn þátt: **S** fyrir settu marki náð, **F** fyrir framvinda góð, **Þ** fyrir þarfnast frekari þjálfunar.

Lokamat: Framúrskarandi, Hæfni náð, Þarfnast þjálfunar, Hæfni ekki náð

Kennari Gábor Réz



Heimilisfræði 2.bekkur 2025-2026

Kennsluaðferðir

Kennt er einu sinni í viku 80 mínútur í senn. Hver hópur kemur 1/ 3 af vetrinum eða í um 12 skipti. Verkefni eru útskýrð fyrir öllum hópnum í einu og honum síðan skipt upp í tveggja manna hópa. Síðan fer fram einstaklingsaðstoð svo allir nái sem bestum tókum á þeim aðferðum sem verið er að kenna.

Hæfniviðmið í heimilisfræðikennslu 1. bekkjar eru að nemendur:

- Læri að umgangast eldhúsið og varast hættur sem þar eru.
- Læri nöfn á áhöldum sem notuð eru.
- Læri að til eru mismunandi fæðuflokkar.
- Læri að smakka þær fæðutegundir sem unnið er með.
- Læri að til eru hollar og óhollar fæðutegundir m.t.t. heilsu og tannheilsu.

Að auki er lögð áhersla á að nemendur:

- Fáí þjálfun í að ganga vel um og sýna hreinlæti við störf í eldhúsinu.
- Fáí verklega þjálfun í heimilisfræði.
- Fáí þjálfun í að vinna með öðrum.

Námsefni og gögn

- Uppskriftir úr ýmsum áttum – úr bókum og af netinu
- Uppskriftir og verkefni úr kennslubókunum Heimilisfræði fyrir byrjendur, Gott og gagnlegt og Holt og gott <https://mms.is/namsefni>
- Áhöld, hráefni og matvæli úr kennslueldhúsinu

Námsmat

Leiðbeinandi símat í hverri kennslustund. Lögð er áhersla á að leiðbeina á uppbyggjandi hátt og hrósa fyrir góð vinnubrögð. Lokanámsmat byggir á þátttöku og virkni í kennslustundum. Námsmat er unnið samkvæmt hæfnikorti Aðalnámskrár grunnskóla.

Flestar uppskriftir eru settar inn á heimasíðu heimilisfræðinnar. Slóðin er : <http://audhumla.weebly.com>

Heimilisfræðikennari Þuríður Aðalsteinsdóttir



Textíll 2. bekkur 2025-2026

Textílverkefni eru skipulögð með það í huga að nemendur læri og þjálfist í margvíslegri færni sem bæði tengist aðferðum greinarinnar og sköpunar þættinum.

Kennsluaðferðir

Kennt er í tveim samliggjandi kennslustundum á viku og kemur hver hópur 1/ 3 af vetrinum eða í um 12 skipti. Verkefni eru ýmist kynnt og útskýrð fyrir öllum hópnum í einu eða honum skipt upp. Síðan fer fram einstaklingsaðstoð svo allir nái sem bestum tókum á þeim aðferðum sem verið er að kenna. Helstu markmið eru að nemandi:

- upplifi sköpunargleði við útfærslu eigin verks
- þjálfí fínhyfingarársamt samhyfingu huga og handa
- læri að þræða grófa nál, vefa og binda saman tvö bönd
- læri að búa til dúsk
- saumi þræðispor í pappír eða efni
- teikni, liti og klippi í tengslum við textílvinnu
- þjálfist í að nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar

Námsefni og gögn

Efni og áhöld frá kennara.

Námsmat

Frammistaða nemenda er metin jafnt og þétt meðan á kennslutímabili stendur. Notaður er matslisti þar sem merkt er við þættina: virkni, verkfærni og umgengni. Einnig er merkt inn á hæfnikort nemenda í Mentor.

Kennari Sigríður Rafnsdóttir



Sköpunarsmiðjur 2. bekkur 2025-2026

Í sköpunarsmiðjum er unnið markvisst að því að efla sköpunargáfu, tæknilæsi og lausnamiðaða hugsun nemenda í samræmi við grunnþætti menntunar og áherslur í STEAM (Science, Technology, Engineering, Art, Math). Byggt er á hæfniviðmiðum aðalnámskrár í upplýsinga- og tæknimennt, hönnun og smíði ásamt lykilhæfni.

Markmið smiðjunnar er að nemendur öðlist færni í að nýta tækni og skapandi hugsun til að leysa viðfangsefni, vinna saman og miðla hugmyndum sínum.

Kennsluaðferðir

Kennslustundir byggjast upp á stuttri innlögn kennara eða sýnikennslu, en megináhersla er lögð á virka þátttöku nemenda í verklegum æfingum.

- **Verkefnamiðað nám:** Nemendur fá áskoranir sem þeir þurfa að leysa.
- **Stöðvavinna:** Unnið er í smærri hópum til að tryggja að allir fái aðgengi að tækjum og efni.
- **Leikjavæðing:** Nám gert að leik til að auka áhuga og virkni.

Námsefni og gögn

Áherslur sköpunarsmiðjanna beinast að þremur kjarnaþáttum sem fléttast saman í verkefnavinnu:

- **Sköpun, hönnun og nýsköpun:** Nemendur þjálfast í að nota fjölbreytt efni (t.d. Lego, endurnýtanlegt efni) og tækni til að hanna lausnir. Lögð er áhersla á ferlið frá hugmynd að lokaverki (hönnunarferlið).
- **Tækni og lausnaleit:** Nemendur kynnast forritun, verkfræðilegum pælingum (e. engineering) og rökhugsun í gegnum leik og tilraunir.
- **Samvinna og miðlun:** Nemendur læra að vinna saman í hópum, ræða hugmyndir sínar, gera tilraunir, mistakast og reyna aftur.

Námsmat

Námsmat byggir á leiðsagnarmati þar sem kennari fylgist með vinnuframlagi, virkni og samvinnu nemenda í tímum.

Kennarar á yngsta stigi



Kór Ingunnarskóla 2. bekkur 2025-2026

Í Kór Ingunnarskóla eru allir nemendur í 3. bekk. Nemendur í 1. og 2. bekk eru velkomnir og geta valið að vera með.

Áhersla er lögð á náttúrulega raddbeiting og unnið er með innihaldsríka texta

Mikil áhersla er lögð á góða samvinnu.

Verkefnin eru fjölbreytt. Tónleikar og uppákomur innan skólans og einnig sérstakir tónleikar fyrir vini og ættingja.

Hverju skólaári líkur með stórum styrktartónleikum þar sem við hittum aðra kóra og syngjum saman til styrktar Barnaheill á Íslandi.

Kennari Jóhanna Halldórsdóttir